

# Eftirmáli Læknadaga

## Kynjaviðinn í vísindum



**Ólöf  
Sigurðardóttir**

[olsi@landspitali.is](mailto:olsi@landspitali.is)

Alltaf er jafngaman að taka þátt í Læknadögum ef ekki bara skemmtilegra með hverju árinu. Eiga þau skilið öll mikið hrós sem taka það að sér að skipuleggja þá. Mikil samfélagsumræða var í gangi í fyrirlestrarsölunum, sem og frammi í kaffinu. Þetta gaf Læknadögum alveg nýja vídd.

Það sem vakti mesta athygli mína var samsetning fyrirlesara árið 2009 á einum dagskrárliðnum og gat ég ekki setið á mér að hefja upp raust mína í lokin og benda pallborðinu, sem í sátu eingöngu karlar í læknastétt, á nokkra punkta til umhugsunar varðandi framtíðarplön og skipulagningu vísindastarfs á heilbrigðissviði.

Á Læknadögum var áhugaverð og fróðleg málstofa sem bar heitið: „Heilbrigðisvísindarannsóknir á Íslandi. Eru ný tækifæri að opnast fyrir lækna?“ Þar komu fram ýmsar fróðlegar upplýsingar. Allir fyrirlesarar stóðu sig með þryði og eru þessi skrif mín ekki til þess að ræða um þá heldur jafnréttismál. Það sem stakk mig strax í byrjun var að eingöngu karlkyns kollegar tóku til máls varðandi vísindi og vísindastörf. Þó var fengin ein ágætis kona, Guðrún Nordal frá HÍ, til þess að segja frá stefnu stjórnvalda varðandi fjármögnun og stefnumótun vísindarannsókna.

Ég spyr: „Hvar koma konur í læknastétt inn í þessa háleitu umræðu vísindanna?“

## Framtíðarskipulag vísinda á heilbrigðissviði

1. Síðastliðið haust tók ég þátt í Norður-Evrópuþingi kvenna í læknastétt í Malmö ásamt fleiri kvenkyns kollegum. Einn fyrirlesaranna var prófessor Agnes Wold frá Gautaborg sem hefur verið ein af forystukonum í Evrópu í því að rannsaka framgang kvenna í vísindum. Í fyrirlestri hennar kom fram að þrátt fyrir aukningu kvenna í læknastétt og aukinn fjölda kvenna með doktorspróf eru það enn karlar sem fá stærstan hluta fjármagnsins til rannsókna, auk þess sem það eru oftast þeir sem stjórna rannsóknarhópnum. Þetta á við í jafnréttislandinu Svíþjóð í dag.

**Mínar hugleiðingar eru:** Er ástæða til að ætla að færni kvenna, frammistaða og rannsóknarangur sé síðri en karla? Er tengslanet kvenna síðra en karla? Eru áherslur á því hvað eigi að rannsaka ólíkar og þá er spurning hvort rannsóknarhugi kvenna og þau verkefni sem þær vilja rannsaka hafi ekki sama slagkraft og eða status og karlanna? Sækja konur síður um? Ef svo er, þá af hverju? Eru nógu margar konur í nefndum og ráðum sem út-

hluta peningum til rannsókna? Ef ekki, verður þá að setja kynjakvóta? Mikilvægt er að skoða allar þessar breytur til þess að nýta betur þann mannauð sem konur í læknastétt búa yfir.

2. Þegar kannaðar eru kennslustöður í læknadeild HÍ sést strax hversu fáar læknismenntaðar konur eru þar á lista. Stór hluti þeirra ágætu kvenna sem þar eru með kennslustöður er konur úr öðrum heilbrigðisstéttum.

**Mínar hugleiðingar eru:** Er hér eins og svo víða annars staðar í heilbrigðiskerfinu fyllt upp í kynjakvótann með konum úr öðrum heilbrigðisstéttum? Ekki er óalgengt að sjá samsetningu nefnda þannig að þar sitji til dæmis þrír karlkyns lækna og þrjú hjúkrunarfræðingar. Með þessu er ég alls ekki á neinn hátt að vanmeta eða rýra hina ágætu stétt hjúkrunarfræðinga, heldur vil ég benda á að konur í læknastétt eru nær ósýnilegar í læknadeild HÍ og ýmsum öðrum ráðum og nefndum.

3. Sigurður Guðmundsson ræddi á fundinum um það að ekki væri búið að skýra hlutverk þeirra sem fá akademískar nafnbætur HÍ í heilbrigðisvísindum.

**Mínar hugleiðingar eru:** Er ekki kjörið tækifæri hér til þess að nýta að minnsta kosti þær konur sem metnar eru sem klínískir prófessorar til þess að fjölga fyrirmyndum yngri kvenna í stéttinni og til þess að breyta „stereótýpískri“ hugmyndafræði um vísindamenn? Flestar af þessum konum hafa birt fjölda greina, hafa mikla reynslu af kenningu og hafa verið öflugar í fjárflyngu fyrir sínar rannsóknir. Hefur á einhverju stigi þeirra verið gengið fram hjá þeim í stöðuveitingum sem hefur orðið til þess að þær hafa ekki fengið yfirmanns- og/eða prófessorsstöður? Þær sjást varla heldur í dósentsstöðum innan HÍ.

## Í lokin

Miklar umræður hafa verið um það hvort setja eigi lög um kynjakvóta í ýmsum ráðum og nefndum. Hér má benda á að Svíar voru meðal þeirra fyrstu sem settu ýmis lög um jafnréttismál upp úr 1970 og voru lengi fremstir í flestu er varðar jafnréttismál. Ekki alls fyrir löngu settu Norðmenn lög um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja og með því móti tókst þeim að skjótast upp fyrir Svía í „Gender Gap Index“.

Þurfum við að fara að setja fleiri lög hér á landi? Eða erum við nógu skynsöm til þess að ráða fram úr þessu sameiginlega án lagasetningar?

Ólöf Sigurðardóttir er yfirlæknir rannsóknadeildar FSA og formaður Félags kvenna í læknastétt í Norður-Evrópu.